

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar, 2012

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (sjálfstæði og lýðræði í háskólum, réttindi fatlaðra nemenda)

Ágætu nefndarmenn,

Íslenskan gerir ekki greinarmun á mismunandi gerðum háskóla:

- Højskole/College: Háskólastofnun þar sem áherslan er á menntun og þjálfun til tiltekinna starfa, s.s. hjúkrunar, umönnunar, kennslu, reksturs fyrirtækja, o.s.frv.
- Universitet/University: Háskólastofnun þar sem áhersla er á akademískt nám og rannsóknir, s.k. rannsóknaháskóli.

E.t.v. mætti einnig nefna listaháskóla sem þriðju gerðina, þar sem áherslan er á kennslu um listir og þjálfun í listrænni sköpun, en venjulegast er lítið um rannsóknir. Á Norðurlöndunum, í Bretlandi og í Bandaríkjunum er hefð fyrir skiptingu skóla á háskólastigi í flokka eftir markmiðum námsins sem þar fer fram. Dæmi um slíka flokkun er að finna á vefsíðu danska ríkisins um menntun¹ og á vefsíðu Carnagie stofnunarinnar sem heldur utan um flokkunina í Bandaríkjunum². Framkvæmd Carnagie-flokkunarinnar má sjá á vefsíðu Wikipediu um háskólastofnanir í Maine-ríki³. Með þessu bréfi fylgja hugmyndir um hvernig skipa mætti málum háskólastigsins á Íslandi (sjá Viðauka, bls. 5).

Íslenskan gerir heldur ekki greinarmun á „research“ og „analysis“, hvort tveggja er kallað rannsóknir, hvort sem það eru mælingar til að hjálpa við sjúkdómsgreiningu, úttekt á ólæsi, eða uppgötvun á nýju sjúkdómsgeni eða öreind. Þessi orðafátækt gerir umfjöllun um háskólastarf og menntun á háskólastigi ómarkvissa.

Flestir nemendur takast á við háskólanám til að öðlast þekkingu og þjálfun sem undirbýr þá til sérhæfðra starfa í samfélaginu. Slíkri menntun er í mörgum tilvikum best fyrir komið í

¹ <http://www.studyindenmark.dk>

² <http://classifications.carnegiefoundation.org/> og http://en.wikipedia.org/wiki/Carnegie_Classification_of_Institutions_of_Higher_Education

³ http://en.wikipedia.org/wiki/List_of_colleges_and_universities_in_Maine

skólum sem leggja áherslu á menntun og þjálfun á vettvangi; tengingu fræða við framkvæmd. Miklu færri einstaklingar afla sér menntunar á háskólastigi í því skyni að gera rannsóknir að lífsstarfi sínu. Slíkir nemendur þurfa öflugan rannsóknaháskóla til að fá góða þjálfun í sínu fagi.

Frumvarpið sem lagt er fram ber keim af því að allir skólar á háskólastigi séu, eða eigi að vera, rannsóknaháskólar (universitet). Sú stefna er að okkar mati ekki heppileg, heldur ber að leggja áherslu á fjölbreytta möguleika fyrir ungt fólk til að menntast til starfa og aukins þroska. Ef bjóða á upp á fjölbreytt, vandað og markvisst námsval fyrir nemendur er nauðsynlegt að skilgreina vel hlutverk og markmið skóla á háskólastigi. Ekki er viðeigandi að láta almenning bera kostnað af því að halda ungu fólk of lengi í skóla eða mennta fólk í greinum þar sem atvinnuleysi blasir við. Gera þarf fagháskólum kleift að leggja aukna áherslu á þjálfun á vettvangi fremur en að skylda alla til að stunda „rannsóknir“ sem oft standast ekki skoðun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

2. gr.

„Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista.“

Orðalag greinarinnar skýrir ekki hvort ætlast sé til af öllum háskólastofnunum að fást við alla þessa þætti háskólastarfs eða aðeins suma. Betur færi á að hafa orðið ‚eða‘ í stað ‚og‘ milli orðanna ‚þekkingarleit‘ og ‚sköpun‘. Rétt eins og þekkingarleit er sérstaklega nefnd þótt hún sé hluti af rannsóknum, mætti nefna þjálfun sem hluta af kennslu.

“Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi.”

“Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð.”

Líta má svo á að ekki sé alltaf bæði hægt að hafa hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi og taka mið af þörfum samfélagsins hverju sinni. Betra væri að segja að taka skuli tillit til hagsmuna komandi kynslóða fremur en að þeir séu leiðarljós.

2. gr. a.

Greinin um akademískt frelsi er afar mikilvæg fyrir allt háskólastarf!

3. gr.

"Ráðherra gefur út reglur um viðurkenningu háskóla sem byggjast á alþjóðlegum viðmiðum um háskólastarfsemi. Í þeim skulu tilgreind skilyrði sem háskólar skulu fullnægja til að öðlast viðurkenningu. Skilyrðin lúta að eftirtöldum þáttum:

- a. hlutverki og markmiðum háskóla,
- b. stjórnskipan og skipulagi,
- c. fyrirkomulagi kennslu og rannsókna,
- d. hæfisskilyrðum starfsmanna,
- e. inntökuskilyrðum og réttindum og skyldum nemenda,
- f. aðstöðu kennara og nemenda og þjónustu við þá, þ.m.t. fatlaðra nemenda,
- g. innra gæðakerfi,
- h. lýsingu á inntaki náms út frá þekkingu, leikni og hæfni [úrfelling] við námslok,
- i. fjárhag."

Í lið c. mætti geta um þjálfun nemenda til starfa, s.s. við kennslu eða umönnun.

10. gr.

"Heimilt er háskólum að meta til eininga nám sem fram fer í öðrum viðurkenndum háskólum og rannsóknastofnunum. Jafnframt er háskólum heimilt í undantekningartilvikum að meta til eininga námskeið sem fram fer við aðra skóla og rannsóknastofnanir enda ábyrgist þeir að námið uppfylli sambærilegar gæða- og námskröfur og gerðar eru á grundvelli laga þessara."

Á þessum lista mættu einnig vera námskeið sem haldin eru á vegum alþjóðlegra fagfélaga/stofnana vísindamanna, s.s. FEBS⁴, EMBO⁵, NordForsk⁶, o.s.frv., enda uppfylli þau kröfur sem gerðar séu til slíkra námskeiða.

15. gr.

"Þar skal gert ráð fyrir setu fulltrúa starfsmanna og nemenda í stjórn eða háskólaráði og í þeim stjórnunareiningum þar sem fjallað er um kennslu og rannsóknir."

Mikilvægt er að starfsmenn eigi fulltrúa í háskólaráðum, rétt eins og þeir ættu að ævinlega sitja í stjórnnum fyrirtækja. Seta starfsmanna skiptir máli fyrir upplýsingastreymi og málátillbúnað sem fjallar um starfseminna.

Stúdentar hafa í u.þ.b. 40 ár haft aðkomu að stjórnsýslu háskóla á Íslandi og er að mestu góð reynsla af því. Þeir hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæðispunga á við fulltrúa akademískra starfsmanna og fulltrúa sem valdir eru til stjórnar skólanna á annan hátt. Þegar leitast er við

⁴ www.febs.org,

⁵ www.embo.org

⁶ www.nordforsk.org

að auka fagmennsku í stjórnnum og byggja ákvarðanatöku á þekkingu og reynslu, má efast um að þetta fyrirkomulag sé viðeigandi.

Stúdentar eru venjulega á aldrinum 20-25 ára, og hafa enga reynslu af háskólakennslu eða rannsóknum, eða stjórnun stofnana eða fyrirtækja, efnahagsreikningum, starfsmannamálum, kjarasamningum eða öðru sem að gagni kynni að koma við stjórnun háskólastofnunar. Þeir hafa því enga þekkingu á kjarnastarfsemi háskóla eða stýringu hennar. Hins vegar mega þeir teljast meðal mikilvægustu „notenda“ starfseminnar, og eru því í stöðu til að flytja afar mikilvæg skilaboð til stjórnsýslunnar og standa vörð um hluta starfsemi skólanna og geta þannig stuðlað að bættri kennslu við skólann og bættum aðbúnaði fyrir stúdenta. Því væri æskilegt að stúdentar ættu fulltrúa í háskólaráðum með tillögurétt og málfrelsi, en ekki atkvæðisrétt.

18. gr.

"Háskólar skulu setja á fót dómnefnd til að meta hæfi prófessora, dósenta, lektora og sérfræðinga. Þeir sem bera framangreind starfsheiti [úrfelling] skulu hafa lokið [úrfelling] doktorsprófi [úrfelling] eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði. Í dómnefndir má skipa þá eina sem lokið hafa [úrfelling] doktorsprófi úr háskóla eða [úrfelling] af lað sér jafngildrar þekkingar og reynslu [úrfelling]. Í dómnefnd skal sitja a.m.k. einn fulltrúi sem ekki starfar við viðkomandi háskóla."

Þessi grein fellur vel að starfi rannsóknaháskóla. En hún þjónar ekki markmiðum háskóla sem hafa menntun og þjálfun til tiltekinna starfa, eða listir og listræna sköpun að meginmarkmiði. Doktorsmenntun snýst um að þjálfra fólk í rannsóknum og hinni vísindalegu aðferð. Fólk með slíka menntun er ekki endilega best fallið til að kenna listræna fagmennsku eða þjálfra nemendur til faglegs starfs á vettvangi, eða velja fólk til slíkra starfa. Því þarf að hafa svigrúm innan þessarrar greinar til að ráða megi gott fagfólk til starfa í háskólum án þess að það hafi meistara- eða doktorsmenntun. Varast ber að meta prófgráður meira en reynslu þegar kemur að starfsþjálfun og listsköpun.

Virðingarfyllst,

Sigríður Ólafsdóttir

SÓL ráðgjöf
Frostaskjóli 89
107 Reykjavík

Gunnlaugur Björnsson

Raunvísindastofnun HÍ
Dunhaga 3
107 Reykjavík

Viðauki: Drög að framtíðarskipulagi háskólastigsins

Skipulag háskólastigsins þarf að taka mið af atvinnustefnu þjóðarinnar og þörfum þjóðfélagsins fyrir sérfræðimenntun af ýmsu tagi. Óheftur aðgangur í allar námsgreinar getur leitt til atvinnuleysis í tilteknum greinum á meðan skortur er á sérhæfðu og vel menntuðu vinnuafl í öðrum. Norðurlöndin hafa leyst þetta með því að tvíanna saman atvinnu- og menntastefnu og skipuleggja háskólastigið í samræmi við það.

Ef skipulag háskólastigsins á Norðurlöndum væri yfirfært í höfðatöluhlutföllum á það íslenska ætti á Íslandi að vera **einn** háskóli með áherslu á rannsóknir og öflugt rannsóknatengt framhaldsnám. Aðrir skólar á háskólastigi hefðu fyrst og fremst það hlutverk að mennta fólk og þjálfar til starfa í ýmsum greinum atvinnulífsins (t.d. kennslu, umönnun, viðskiptatengdum greinum, ýmsum heilbrigðisgreinum, tæknigreinum, o.fl.), en hefðu takmarkað ef nokkurt rannsóknahlutverk. Með þessu væri gerður skýr greinarmunur á rannsóknaháskóla (university) og fagháskóla (højskole/college).

Miðað við sömu hlutfallstölur og á Norðurlöndum ættu nemendur í hinum íslenska rannsóknaháskóla að vera um 7-8000. Aðrir háskólanemendur væru í fagháskólum. Háskólastigið á Íslandi gæti verið samsett af 3-5 háskólum:

- Rannsóknaháskóli (university)
- Viðskiptaháskóli (college)
- Tækniháskóli (college)
- Heilbrigðisháskóli (college)
- Listaháskóli (college)

Stjórnarsýslunefnd háskólastigsins myndi annast skiptingu verka með háskólastofnunum landsins.

Rannsóknaháskóla af hlutfallslega sambærilegri stærð og á Norðurlöndum mætti búa til með því að skipta Háskóla Íslands í tvennt. Þessari skiptingu mætti ná annað hvort með því að skipta skólanum í tvo aðgreinda skóla, eða skipta honum upp í tvö svið, rannsóknaháskóla og fagháskóla. Annar skólinn hefði fyrst og fremst það hlutverk að sinna menntun til tiltekinna starfa og hinn hefði þunga rannsóknáherslu og myndi annast allt doktorsnám og stóran hluta meistaranáms í landinu. Öflugar rannsóknareiningar annarra háskóla gætu sem best einnig komið undir þann hatt eftir því sem við á. Haustið 2011 stunduðu 4197 nemendur nám á meistarastigi og 452 nemendur nám á doktorsstigi á Íslandi⁷.

Viðskiptaháskólinn sæi um alhliða viðskiptagreinar, viðskiptalögfræði, -stærðfræði, -siðfræði, o.s.frv., og gæti auðveldlega verið landfræðilega aðgreindur (Reykjavík, Bifrost, Akureyri), en fagleg yfirsýn og eftirlit með námsframboði yrði samhæft og samræmt af einni skólastjórn.

⁷ www.hagstofan.is

Tækniháskólinn sæi um grunngreinar tækni- og verkfræði. Góður grunnur hefur þegar verið lagður í HR er mætti efla og byggja við.

Heilbrigðisháskóli sæi um allar hefðbundnar heilbrigðisgreinar (t.d. hjúkrun, ljósmæðranám, o.s.frv.) aðrar en þær sem byggja á ströngu vísindalegu uppeldi og rannsóknahefð í náminu.

Listaháskóli yrði í aðalatriðum óbreyttur frá núverandi mynd. Árið 2010 sameinuðu Finnar þrjá skóla (viðskiptaháskóla, tækniháskóla og listaháskóla) í og við Helsinki í einn skóla, Aalto-háskóla. Ekkert er því til fyrirstöðu að stíga svipað skref hér á landi, jafnvel þó landfræðileg aðgreining einstakra eininga haldist.

Allir skólarnir myndu útskrifa nemendur með grunngráðu í viðkomandi grein (bakkalár), sumir gætu einnig sinnt námi til meistaraþrófs. Nemendum sem áhuga hafa á frekara framhaldsnámi eða þjálfun í rannsóknum og vísindalegum vinnubrögðum gæfist kostur á því að sækja um í rannsóknaháskólanum.

Í þessari skiptingu felst að kennarar fagháskólanna myndu hafa staðgóða þekkingu á fagi sínu auk mikillar reynslu af faglegu starfi. Þjálfun í rannsóknum og hinni vísindalegu aðferð (doktorsþróf) væri ekki krafa við ráðningu. Þeir myndu annast kennslu nemenda sinna og þjálfun þeirra í starfi á vettvangi, auk þess sem þeir myndu kenna um þróun starfsaðferða og innleiðingu á fyrirmyndarvinnubrögðum (en. „best practice“). Því yrðu starfsskyldur kennara í fagháskólum kennsla og þjálfun nemenda, fremur en kennsla og rannsóknir eins og nú tíðkast í öllum háskólum landsins. Fagháskólar gætu átt samstarf við atvinnufyrirtæki við úrlausn sértækra verkefna með gagnkvæmum ávinningi fyrir nemendur og atvinnulíf. Starfsmönnum fagháskóla yrði gert kleift að stunda rannsóknir gegnum styrkjakerfi samkeppnissjóðanna.

Af þessu leiddi að fjármögnun skóla á háskólastigi yrði að breytast og að samkeppnissjóðir til rannsókna þyrftu að eflast.

Með skiptingu háskólastigsins í fagháskóla og rannsóknaháskóla myndi fást betri og markvissari nýting almannaþjárfjár og tækifæri skapast til að þróa fjölbreyttari og vandaðri námstækifæri í þágu nemendanna og samfélagsins, auk þess sem slagkraftur rannsókna og framhaldsnáms á Íslandi myndi aukast.